

Mótt.: 14 JAN. 2009
Málnr. 2008110002

Mál: 20.60
dagsetning
17.12 2008

Skipulagsstofnun
B.t. Rutar Kristinsdóttur ([rut@skipulag.is](mailto:rutar@skipulag.is))
Laugavegur 166
150 Reykjavík.

Varðar: Ábendingar og athugasemdir Landsnets hf. við frummatsskýrslu vegna Norðfjarðarveggar um Norðfjarðargöng.

Fyrirtækið Landsnets hf. tók til starfa í ársbyrjun 2005 en er stofnað á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003. Samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna er hlutverk fyrirtækisins að annast flutning raforku, kerfisstjórnun og innleiða markaðsumhverfi. Fyrirtækið og á og rekur allar háspennulínur með spennu ≥ 66 kV. Flutningskerfið flytur rafmagn frá framleiðendum raforku til almenningsveitna (t.d. RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur) og stórnotanda (t.d. álvera).

1. Núverandi og fyrirhuguð flutningsmannvirki, texti bls. 65

Lagt er til að síðasta málsgreinin á blaðsíðunni breytist og hljóði eftirfarandi: “Landsnet vinnur að því í samstarfi við Vegagerðina að kanna kosti þess að nýta væntanleg jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar fyrir lagningu jarðstrengs í göngin. Á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um niðurstöðu í málinu. Komi til lagningar strengsins verður um að ræða viðbótartengingu milli Eskifjarðar og Neskaupsstaðar. Landsnet mun þá gera tillögu um að strengurinn verði lagður meðfram hinum nýja vegi, beggja vegna ganganna”.

2. Almennar athugasemdir

- **Helgunarsvæði háspennulínunnar:** Landsnet minnir á helgunarsvæði háspennulína, samkvæmt Rg. 586/2004, Helgunarsvæði þarf að miðast við 132 kV línu þar sem línurnar eru byggðar fyrir þá spennu. Viðmiðunargildi fyrir 132 kV háspennulínur er u.þ.b. 35-45 m.
- **Þveranir:** Allar hugsanlegar þveranir veglínu undir háspennulínuna kalla á náið samráð um útfærslur. Landsnet bendir jafnframt á að ekki má hækka yfirborð jarðar undir háspennulínunum án náins samráðs við fyrirtækið. Þá er einnig rétt að forðast efnistöku mjög nálægt undirstöðum mastra.
- **Aðgengi að háspennulínunni:** Landsnet leggur ríka áherslu á það að útfærsla verkefnisins tryggi það að starfsmenn fyrirtækisins hafi áfram greiðan aðgang að línunni og geti auðveldlega komist meðfram henni vegna viðhalds og viðgerða.

Landsnet fer fram á það, að þar sem framkvæmdir munu sjáanlega raska aðkomuleiðum að línunni verði fyrirtækið látið vita.

- **Kostnaður vegna hugsanlegrar breytingar á línunni:** Kostnaður vegna breytinga á flutningskerfinu, sem gerðar eru vegna beiðni utanaðkomandi aðila, greiðast að öðru jöfnu af þeim sem um breytinguna biður.

3. Verklegar framkvæmdir

Þeir sem standa fyrir verklegum framkvæmdum nálægt háspennulínum þurfa að gæta ítrustu varúðar og virða reglur um fjarlægðarmörk í hvívetna.

Vegagerðin verður að upplýsa verktaka um að þeir þurfi að hafa samráð við Landsnet varðandi framkvæmdir við línuna. Einnig verður Vegagerðin að tryggja að verktakar kynni sér ákvæði Rg. 586/2004 og þeirra fjarlægðarmarka sem hún vísar til (IST EN 50341 -1:2001 og ísl viðaukanum EN – 50341-3-12:2001). Sérstakrar varúðar þarf að gæta ef unnið er með háreist tæki.

Mikilvægt er að tryggt sé að framkvæmdaraðilum sé gerð grein fyrir því að ekki má hefja vinnu innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggja heimild frá Landsneti.

Það er skylda ábyrgðarmanns verksins hafa samráð við rekstraraðila háspennuvirkisins til að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Einnig er rétt að benda á að enginn ætti að hefja vinnu fyrr en allir starfsmenn hafa verið upplýstir um þá hættu sem þeir vinna við, vinnureglur og þær öryggisráðstafanir sem gerðar hafa verið.


Landsnet fer því fram á það að þessi ákvæði séu sett í útboðsgögn, þar sem það á við.

Að lokum leggur Landsnet áherslu á nauðsyn þess að Vegagerðin hafi náíð og gott samstarf við fyrirtækið í tenglum við undirbúning og framkvæmd verkefnisins.

Hjálagt er leiðbeiningarbæklingurinn “Háspennulínur – Aðgát skal höfð”, en hann má einnig nálgast á vef fyrirtækisins <http://www.landsnet.is/index.aspx?GroupId=400>

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets hf.



Hildur Hrólfssdóttir
Umhverfi- og gæðastjóri
hildur@landsnet.is

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík
Sími: 563 9300